

**Sp.**

**614. Tillaga til þingsályktunar**

**[266. mál]**

um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka:

1. aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins,
2. vinnuálagið í skólum.

Rannsókninni skal hraða svo sem tók eru á, og gera skal Alþingi grein fyrir árangri, þegar það kemur saman í haust.

**Greinargerð.**

Umfangsmesta starfssvið þjóðfélagsins, að heimilunum einum undanskildum, er innan veggja skólanna. Hvergi er slíkur fjöldi að verki sem þar, því að tala „verkafólks“ skiptir tugum þúsunda. Þegar hér við bætist, að sá stóri hópur er ungt fólk, sem er í mótun, dylst engum, að miklu varðar, að vel sé fyrir öllu séð. Vissulega er margt vel um þróun íslenzkra skólamála, enda vinnur að henni mikill fjöldi mætra manna. Þó er gagnrýni þörf og aðgæzlu.

Það er alkunna, að skólanemendum er stundum ætlaður miklum mun lengri vinnutími en öðru fólki, þegar heimaverkefni eru með talin. Og aðstöðu til líkamsræktar er enn mjög áfátt á ýmsum stöðum, bæði í þéttbýli og strjálbýli.

Vitað er, að í sumum tilvikum er vinnuálag í sömu námsgrein misjafnt eftir kynjum, þótt bæði stefni að sama prófi. Stafar þetta einkum af því, að á ýmsum skólastigum eru stúlkum ætluð mjög tímafrek heimaverkefni, á meðan piltar í sama námi hafa lítil sem engin. Þannig finnast þess dæmi, að vinnutími nemenda, einkum stúlkna, fari yfir 80 klst. á viku, mánuðum saman, en það er meira en tvöfaldur sá vinnutími, sem viðurkenndur hefur verið að lögum í velflestum starfsgreinum.

Þá má enn finna þess dæmi, að starfandi séu skólar eða skóladeildir, þar sem alls engin líkamsrækt er iðkuð.

Það mun flestra mál, að slíkir starfshættir séu óheppilegir og að þeim beri að breyta sem fyrst, þar sem þeir geti hæglega leitt til varanlegs heilsutjóns fyrir það fólk, sem við þá býr.

Til þess að bót verði á ráðin, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvað málið er umfangsmikið, en að því er stefnt með flutningi þessarar tillögu.

Víðtæk upplýsingasöfnun varðandi húsnæði skóla hefur átt sér stað, og námskrár og stundatöflur skólanna gefa þýðingarmiklar upplýsingar. Greiðir það mjög fyrir athugunum þeim, sem tillagan fjallar um, þótt fleira þurfi að kanna og þá m. a. heimavinnu nemenda.